



**samband
íslenskra
framhaldsskólanema**

Ársskýrsla 2019-2020

Ávarp formanns

Kæru framhaldsskólanemar, þetta ár hefur ekki aðeins verið viðburðarríkt fyrir Samband íslenskra framhaldsskólanema heldur fyrir allan heiminn. En áður en heimsfaraldur geystist yfir hélt SÍF fyrri sambandsstjórnarfund sinn á Akureyri þar sem grunnur að innri skjölum félagsins var lagður. Fulltrúar aðildarféлага SÍF komu með ýmsar ábendingar og punkta sem stjórnin tók saman og út frá þeim voru unnar framkvæmdaráætlun, starfsáætlun og stefnuskrá. Einnig var undirbúningur hafinn á hakkaponi með yfirskriftina „Hvernig getum við brúað bilið á milli framhaldsskóla og háskóla fyrir nemendur af erlendum uppruna?“ í samstarfi við LÍS, Landssamtök íslenskra stúdenta.

Því miður þurfti að aflýsa viðburðinum vegna COVID-19 faraldursins, eins og svo mörgum öðrum, og þegar ljóst var að ekki væri hægt að halda fjölmenna viðburði til að styrkja starf félagsins færðist áherslan yfir á innviði þess. Vinna við stefnuskrá, starfsáætlun og framkvæmdaráætlun fór á fullt skrið. Undirbúningur fyrir svokallaðan lýðræðispakka hófst og búið er að setja saman teymi sem mun vinna að gerð hans næsta árið.

SÍF lét ekki tækifærið renna sér úr greipum og lét í sér heyra hvað varðaði málefni framhaldsskólanema á tímum COVID. Félagið stóð fyrir könnun sem varðaði líðan framhaldsskólanema í samkomubanni og í kjölfarið jókst sýnileiki þess og fulltrúar SÍF voru boðaðir í útvarps- og sjónvarpsviðtöl til að tala fyrir málefnum framhaldsskólanema. Samband félagsins við mennta- og menningamálaráðuneytið styrktist og er SÍF bjartsýnt hvað varðar samstarf við ráðuneytið í framtíðinni.

Eftir frábært starfsár kveður Sara Þöll Finnbogadóttir, verkefnastjóri SÍF og hefur Sigvaldi Sigurðarson verið ráðinn til að taka við starfi hennar.

Þrátt fyrir að margt óvænt hafi dunið á á þessu ári sem hamlaði vissan hluta starfs félagsins er framkvæmdarstjórnin spennt að halda fyrsta aðalþing SÍF í gegnum netið. Söngkeppni framhaldsskólanna mun einnig vera með nýju sniði í ár, þar sem keppnin verður einungis sýnd í beinni án áhorfenda, en þó er frábært að þeir keppendur sem ekki gátu ljós sitt skína í vor fái tækifæri á því nú í haust.

Að lokum vil ég þakka fyrir frábært og afar eftirminnilegt starfsár. Ég er mjög spennt að fylgjast með framtíð félagsins og hvað það mun taka sér fyrir hendur á næstu árum. Ég hef öðlast dýrmæta reynslu í gegnum þetta starf og vil þakka bæði meðstjórnarmeðlimum mínum og starfsmönnum félagsins fyrir alla þá vinnu sem þau hafa sinnt, og að lokum vil ég þakka framhaldsskólanemum fyrir að treysta mér fyrir þessu mikilvæga starfi.

Jóhanna Steina Matthíasdóttir,
forseti SÍF 2019 - 2020

Samband íslenskra framhaldsskólanema var stofnað árið 2007 við sameiningu Iðnnemasambands Íslands og Hagsmunaráðs íslenskra framhaldsskólanema. Sambandið var stofnað með það að leiðarljósi að standa vörð um hagsmuni allra framhaldsskólanema óháð námsleið, bóknáms, - iðn, -og verkema.

Aðild að SÍF eiga 32 nemendafélög, í 31 framhaldsskólum og sem slíkt er það kröftugt þrýstiafl í samfélaginu og helsti tengiliður nemenda við stjórnvöld.

Samtakamáttur nemenda er mikill þegar mikið liggur við og leggur SÍF áherslu á að skapa vettvang fyrir þá til að hittast, ræða málin, taka ákvarðanir og láta rödd sína heyrast. Í gegnum SÍF eiga nemendur fulltrúa í ýmsum ráðum og nefndum á vegum ríkisins auk annarra aðila sem fjalla um málefni tengd framhaldsskólanemum.

Með þeim hætti gætir SÍF hagsmuna nemenda í þeim ákvörðunum sem teknar eru og þá varðar. Einnig á SÍF fulltrúa í stjórn Menntasjóðs námsmanna og Æskulýðsráði.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð sjö framhaldsskólanemum eða ný-útskrifuðum nemum og er kosin til eins árs í senn á aðalþingi sem haldið er í september ár hvert. Framkvæmdastjórn fundar að jafnaði einu sinni í viku á skrifstofu félagsins, þar eru ákvarðanir teknar og rætt um þau erindi sem berast.

Framkvæmdastjórn 2019- 2020 skipuðu:

Auður Aþena Einarsdóttir, Tækniskólinn - margmiðlunarfulltrúi

Björgvin Þór Þórarinnsson, Fjölbrautaskóli Vesturlands Akranesi - forvarnar-og jafnréttisfulltrúi

Embla Rán Baldursdóttir, Menntaskólinn í Reykjavík - alþjóðafulltrúi

Ester Valdimarsdóttir, Fjölbraut við Ármúla - verkefnastjóri

Eyþór Kári Ingólfsson, Laugar - varaforseti

Hrafn Splidt Þorvaldsson, Borgarholtsskóli - gjaldkeri

Jóhanna Steina Matthíasdóttir, Menntaskólinn í Reykjavík - forseti

Fulltrúar í ráðum og nefndum:

- Ráðgjafahópur um þjóðaráttak í þágu forvarnarstarfs fyrir börn og ungmenni - Ester Valdimarsdóttir
- Stjórn Menntasjóðs námsmanna - Hildur Björgvinsdóttir
- Samráðshópur um atvinnumál og menntun - Björgvin Þór Þórisson
- Young Reporters of the Environment - Auður Aþena Einarsdóttir

Skrifstofa

Skrifstofa félagsins er til húsa í Hinu húsinu, ungmennahúsi Reykjavíkurborgar, sem er á Rafstöðvarvegi 7-9 í Elliðaárdal. Þar er góð aðstaða til að funda, bæði fyrir framkvæmdastjórn en einnig til að fjölmennari fundi líkt og sambandsstjórnarfundi. Í Hinu húsinu er einnig Landssamband ungmennafélaga, regnhlífasamtök SÍF, með skrifstofu og hefur það reynst farælt fyrir bæði félögin að vera svo nálægt hvoru öðru.

Starfsárið var það fyrsta í fjölda ára sem tveir starfsmenn vinna hjá félaginu en í ágúst 2019 var verkefnastjóri, Sara Þöll Finnbogadóttir, ráðin í 50% stöðu til viðbótar við 50% stöðu framkvæmdastjóra en núverandi framkvæmdastjóri, Hildur Björgvinsdóttir, hóf störf hjá SÍF síðla árs 2014. Breytingin var til mikilla bóta fyrir alla starfsemi félagsins enda löngu ljóst að hálfstöðugildi nægir ekki til að sinna hagsmunafélagi ríflega 21.000 nemenda í 31 skóla víðsvegar um landið. Með viðbótarstarfsmann gafst kostur á að sinna í auknum mæli innra starfi félagsins, vinna að nýrri stefnu, framkvæmdaáætlun og leggja línurnar í stærri verkefnum.

Að loknu aðalþingi 2020 mun Sara hætta hjá félaginu eftir afar farælt starf en ráðinn hefur verið í hennar stað Sigvaldi Sigurðarson, sömuleiðis í 50% stöðu verkefnastjóra.

COVID - 19

Covid-19 heimsfaraldurinn setti mikinn svip sinn á starfsárið líkt og víða annarsstaðar. Skellt var í lás í öllum framhaldsskólum landsins 15.mars og nemendum gert að ljúka vorönninni í gegnum fjarfundabúnað. Eðli málsins samkvæmt voru nemendur ekki tilbúnir fyrir slíkt kennslufyrirkomulag með svo stuttum fyrirvara og mátti heyra á sterkustu nemendum að þeim þætti strembið að sinna náminu einir heimavið.

SÍF útbjó könnun sem send var á formenn nemendafélaganna 26.mars og þeir meðal annars spurðir hvaða áhrif lokanir skólanna hefðu á almennt nám í skólanum, hvort námsmati hafi verið breytt og hvaða áhrif Covid hefði á störf nemendafélagsins. Fulltrúar 17 skóla svöruðu og voru svörin í stórum dráttum þau að námsfyrirkomulagi væri háttáð með afar mismunandi hætti. Einhverjir nefndu að nemendur hefðu skert aðengi að kennurum, að lítið væri um eiginlega kennslu og meira um verkefni sem lögð væru fyrir en aðrir sögðu að fyrirkomulag gengi ágætlega miðað við aðstæður. Af svörum að dæmi virtist sem að á þessum tímamarki hafi fyrirkomulag námsmats verið óljóst og allir sem svöruðu sögðu að faraldurinn hefði mikil áhrif á félagslíf skólans, það lægi allt niðri þó einn skóli hafi efnt til ljósmyndakeppni á netinu.

Í byrjun apríl útbjó SÍF aðra óformlega könnun sem send var óformlega könnun meðal nemenda þar sem þeir voru meðal annars spurðir út í þunglyndiseinkenni, áhyggjur og kvíða. Ríflega 1500 nemendur svöruðu og voru niðurstöðurnar í takt við það sem talið var, að nemendur fundu mikið fyrir kvíða.....

Einnig var gefið færi á opinni spurningu. Svörin hafa ekki verið greind en fljótt á lítið nefndu margir að þeim hefði þótt skorta aðgengi að aðstoð hjá kennurum og að þeim hefði þótt eðlilegt að sleppa lokaprófum á vorönn í ljósi þess að þeir höfðu ekki hitt kennarann sinn í sex vikur fyrir próf. Þá nefndu nemendur að prófin hefðu verið höfð sérstaklega erfið því þau voru tekin heima í gegnum netið og því gætu þeir haft kennslubókina til hliðsjónar en það ekki haft í huga að nemendur höfðu ekki mætt í skólann í margar vikur á undan.

Þann 4.maí tók í gildi tilslökun á samkomubanni á Íslandi gátu þá einhverjir iðn-og verkmenntaskólar boðið nemendum sínum að koma í verklega tíma væri hægt að tryggja nægilegt bil á milli nemenda. Allir framhaldsskólar landsins náðu að útskrifa sína nemendur þótt útskriftaathafnir hafi verið með ýmsu móti og jafnvel ekki haldnar.

Til að bregðast við auknu atvinnuleysi ungs fólks óskaði ráðuneytið eftir umsóknunum/tillögum frá framhaldsskólum landsins um sumarnám sem þeir vildu bjóða uppá. Alls buðu 15 skólar um allt land upp á sumarnám en þegar betur var að gáð reyndist námsframboð afar sérhæft og lítið um almenna áfanga í kjarnagreinum eins og stærðfræði, íslensku og ensku. SÍF hefur ekki upplýsingar um hvernig skráning í sumarnámskeiðin var. Ljóst er þótt skráning í sumarnámskeið hafi ýtt undir virkni framhaldsskólanema þá hafi hún ekki dregið úr fjárhagsáhyggjum því nemendur í bóknámi gátu ekki fengið námslán líkt og háskólanemar og ekki stendur nemendum til boða að fara á atvinnuleysisbætur.

Þessi atriði og fleiri benti SÍF á í aðsendri grein til fjölmiðla í byrjun ágúst . Einnig var bent á skort á samráði við fulltrúa nemenda og að engin áætlun hafi verið lögð fram um fyrirkomulag kennslu, viku áður en framhaldsskólar áttu að opna aftur eftir sumarfrí. Í kjölfarið funduðu fulltrúar félagsins með mennta-og menningarmálaráðherra um stöðu nemenda á tímum Covid.

- einhverjir skólar opnuðu í lok annar
- SÍF lagði fyrir könnun í apríl
- stefnir á að leggja fyrir aðra og stærri könnun
- fundaði með ráðherra
- er að leggja drög að samráðshópi nemenda
- birti grein þar sem lýst var yfir vonbrigðum með samráðsleysi og skort á áætlun
- sumarskóli/ atvinnuleysisbætur/námslán
- SÍF kom með ábendingar varðandi fyrirkomulag við staðnám
- Fjarnám - ekki sjálfsnám
- nemendur ættu að hafa val!

1. Þing, fundir & viðburðir

Framkvæmdastjórnarfundir

40 fundir voru haldnir og 5 margir vinnufundir. Framan af fóru fundirnir fram í Hinu húsinu en þó voru tveir stjórnarmeðlimir í fjarfundabúnaði þar sem þeir eru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins. Þegar Covid brast á af fullum þunga voru fundirnir alfarið haldnir á netinu með ágætis árangri. Fundarhlé er gert í prófatíð og yfir sumartímann.

Ár hver eru haldnir þrjú stórir fundir hjá félaginu, aðalþing í september og tveir sambandsstjórnarfundir, einn á hvorri skólaönn. Fundirnir eru ávallt tveir dagar þar sem margir þingfulltrúar koma um langan veg og því mikilvægt að nýta tímann vel í fræðslu, umræður, málefnavinnu og ákvarðanatöku

Aðalþing 2019

Líkt og undanfarin ár var aðalþingið haldið í Háskólanum í Reykjavík og fór það fram í september 2019. Þingið var vel sótt. Venjubundin aðalfundarstörf fóru fram á sunnudeginum, lagabreytingar, ársskýrsla og ársreikningur og kjör í framkvæmdastjórn.

Fram til þessa hafa formenn nemendafélaganna verið helstu og jafnvel einu tengiliðir SÍF við nemendur skólanna. Í ár var gerð sú breyting að tengslanet félagsins var stækkað til muna og bættust við fulltrúar hinna ýmsu hagsmunasamtaka innan skólanna, svo sem hinseginfélaga, feministafélaga, umhverfisfélaga og hagsmunafélaga. Allir þessir aðilar fengu sent boð um aðalþingið sem skilaði sér í stærra og mun fjölbreyttara þingi en áður hefur verið. Er þetta afar mikilvæg breyting enda SÍF hagsmunafélag allra framhaldsskólanema landsins og því lykilatriði að viðburðir félagsins endurspegli það.

Þá mættu tveir ráðherrar á þingið, Lilja Dögg Alfreðsdóttir ávarpaði þingfulltrúa, tók á móti spurningum og ritaði undir nýjan þjónustusamning við félagið sem unnið hafði verið að um langt skeið. Þá kom Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir óvænt og ræddi við nemendur um mikilvægi þess að taka þátt í félagsstarfi og að láta sig samfélagið varða.

Undir lok þingsins var kosið í nýja framkvæmdastjórn og var það í fyrsta sinn um árabíl sem enginn úr fráfaramandi stjórn gaf kost á sér að nýju.

Hagsmunaskólinn

Samhliða aðalþinginu var í fyrsta sinn haldinn Hagsmunaskóli SÍF. Var það gert til að koma til móts við nemendur af landsbyggðinni sem þyrftu þá ekki að koma sér ferð í bæinn síðar um haustið til að sækja Hagsmunaskólann. Reyndist fyrirkomulagið afar vel. Hugmyndin um hagsmunaskólann er tilkomin af því að sú hefð hefur skapast að nemendaráð skólanna leggja alla jafna mikla áherslu á skipulagningu viðburða s.s. skemmtikvölda og íþróttamóta innan síns skóla en það vill hinsvegar mæta afgangi að fulltrúar í nemendaráði leggja oft ekki eins mikla áherslu á hagsmunagæslu samnemenda sinna en í 39.gr laga um framhaldsskóla segir meðal annars „Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda.“ Er það mat SÍF að það sé fyrst og fremst tvennt sem veldur. Annarsvegar að formenn nemendafélaganna hafi oft nóg á sinni könnu við að skipuleggja félagslífið sem er ákaflega mikilvægt fyrir félagsþroska og andlega líðan nemenda. Hinsvegar, reynsluleysi, óöryggi og vanþekking á hagsmunagæslu. Til að bregðast við hinu fyrra var á aðalþingi SÍF 2017 samþykkt að í hverjum framhaldsskóla skyldi lýðræðislega kjörinn hagsmunafulltrúi sem samkvæmt 36.gr í lögum félagsins hefur eftirfarandi hlutverk: 1. Vera tengiliður framkvæmdastjórnar SÍF við sinn skóla, bæði nemendur og skólastjórnendur, 2. kynna SÍF fyrir samnemendum sínum, þegar kostur gefst, svo sem á nýnemakynningum, 3. miðla upplýsingum frá aðalþingi og sambandsstjórnarfundum til samnemenda og skólastjórnenda eftir því sem við á.

Hvatt er til þess að hagsmunafulltrúinn sé lýðræðislega kjörinn í nemendaráðskosningum.

Í einhverjum skólum hefur innleiðing hins nýja embættis gengið vel en aðrir skólar hafa þurft meiri tíma. Vonir eru þó bundnar við að innan tveggja ára verði kominn lýðræðislega kjörinn hagsmunafulltrúi nemenda í alla framhaldsskóla.

Hagsmunaskólinn er viðbragð SÍF við hinu síðara, óöryggi og þekkingaleysi nemenda á hagsmunabaráttu. Hann var prufukeyrður í smækkaðri mynd á sambandsstjórnarfundum vorið 2019 og þá kortlagt hvaða fræðsla það væri sem myndi nýtast nemendum best. Upplaggið var að nýta bæði þekkinguna sem til staða er innan félagsins og einnig að fá utanaðkomandi fræðslu, meðal annars frá Landssambandi ungmenningarfélaga, regnhlífasamtökum SÍF.

Skólinn stóð yfir frá seinniparti föstudags og til hádegis á laugardag þegar aðalþingið var síðan sett. Útbúin voru sérstök viðurkenningarskjöl en stefnt er að því að nýtast við youthpass Evrópusambandsins næst. Í lok skólans var lögð fyrir nafnlaus eftirfylgnikönnun til að meta hvernig til gekk, hvað liður þátttakendum þótti áhugaverðastur/gagnlegastur, hvað þeim fannst ofaukið og hvað kom þeim mest á óvart. Það er skemmst frá því að segja að ánægjan var framar björtustu vonum og því strax ákveðið að leggja grunninn að næsta Hagsmunaskóla samhliða aðalþingi 2020. Hagsmunaskólinn var styrktur af Erasmus+ áætluninni og hefur einnig hlotist ríflegur styrkur fyrir Hagsmunaskólanum 2020 úr sama sjóði. Er hluti styrksins meðal annars eyrnamerktur ferðakostnaði nemenda sem þurfa um langan veg að fara, túlkapónustu fyrir erlenda þátttakendur og sértækan ferðakostnað og þóknun fyrir aðstoðarfólk þeirra nemenda sem á þurfa að halda.

Því miður hefur Covid þó sett stórt strik í reikninginn og í ljósi aðstæðna var ákveðið var að halda aðalþingið 2020 á vefsvæðinu zoom. Var það mat fráfarandi framkvæmdastjórnar að erfitt yrði að halda einbeitingu þátttakenda á þriggja daga vefviðburði, auk þess sem hagsmunaskólinn sé ekki vel til þess fallinn að vera haldinn á netinu þar sem lagt er upp með að notast við óhefðbundnar kennsluáðferðir, hópavinnu, leiki og annað. Reynt verður að halda Hagsmunaskólann síðar í haust ef Covid aðstæður leyfa en að öðrum kosti þurfi því miður að fresta honum fram að næsta aðalþingi því upplaggið er að sú þekking sem þátttakendur hljóta

nýtist ekki aðeins þeim persónulega heldur að þeir fari með hana inn í sína skóla og miðli henni áfram og nýti í hagsmunabaráttu nemenda.

2. Alþjóðastarf

Árlega er einn meðlimur framkvæmdastjórnar kjörinn alþjóðafulltrúi og heldur viðkomandi utan um samskipti SÍF við önnur félög utan landssteinana. SÍF leggur áherslu á að læra af syststrasamtökum sínum erlendis og janframt hafa mótandi áhrif á málaflokkinn á alþjóðavísu. Sambandið er aðili að OBESSU (Organising Bureau of European School Student Unions) sem eru regnhlífarsamtök evrópskra námsmannahreyfingar á framhaldsskólastigi og stofnaðili NSSN (Nordic School Student Network). Framkvæmdastjórnarmeðlimir, sér í lagi alþjóðafulltrúi, sækja viðburði á vegum OBESSU og NSSN.

COVID-19 hafði mikil áhrif á alþjóðastarfið og lítið var um viðburði erlendis á starfsárinu. Í stað þess að sækja viðburði erlendis, þá var lögð áhersla á að taka þátt í netstarfi OBESSU, t.d. upplýsingaviðburðum (e. webinars) og samráðskönnunum (e. consultations).

3.2 OBESSU

SÍF hefur ávallt lagt áherslu á mikið og gott samstarf við OBESSU. Framkvæmdastjórn SÍF gefst kostur á að móta bæði innra og ytra starf OBESSU með setu, tillögu- og atkvæðarétti á sambandsstjórnarþingi og aðalþingi félagsins. Einnig gefst aðilarfélögum OBESSU kostur á að eiga fulltrúa í vinnuhópum sem vinna að ýmsum málefnum sem snerta framhaldsskólanemendur.

Á liönu starfsári sóttu fulltrúar SÍF eftirfarandi viðburði á vegum OBESSU:

- **Evaluation Seminar of Seeds for Integration**, 15. - 22. september 2019, Mollina, Spánn
- **Council of Members**, 5. - 7. desember 2019, Brussels, Belgía
- **Global Meeting on Refugee Education**, 13. - 17. desember, Geneva, Sviss
- **Interregional Peer Learning Activity on Knowledge and Turnover management**, 30. janúar - 4. febrúar 2020, Vilnías, Litháen
- **#EcoFighters Regional Advocacy Seminar**, 27. febrúar - 3. mars 2020, Kaupmannahöfn, Danmörk
- **Extraordinary General Assembly**, 30. maí 2020, á netinu
- **General Assembly**, 30. - 31. júlí 2020, á netinu

Ferðakostnaður við þá viðburði sem fulltrúar SÍF sækja á vegum OBESSU eru endurgreiddur að fullu. Kostnaður SÍF við alþjóðastarfið er annars vegar árgjald til OBESSU sem er tengt ársveltu félagsins og hefur verið í kringum 100.000kr á ári og hinsvegar 50 evrur skráningagjald fyrir hvern stjórnarmeðlim sem sækir viðburði á vegum OBESSU.

4. Samstarfsfélög

4.1 LÍS

4.2 LUF

LÍN/Menntasjóður námsmanna

SÍF hefur um árabíl átt fulltrúa í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna enda geta nemendur eldri en 18 ára sem stunda iðn-og verknám í framhaldsskólum sótt um námslán hjá sjóðnum. Haustið 2019 lagði mennta-og menningarmálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, frumvarp fyrir Alþingi um breytingar á sjóðnum og var það samþykkt í júní 2020 og var þá nafni sjóðsins breytt í Menntasjóð námsmanna. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Námsmenn sem ljúka námi á tilsettum tíma eiga rétt á 30% niðurfellingu af höfuðstólnum.
2. Áður gátu lántakendur fengið lán fyrir framfærslu barns en í nýju lögunum er veittur framfærslustyrkur barna.
3. Námsmenn geta valið um verðtryggð eða óverðtryggð skuldabréf við lok námslok
4. Ljúki lánþegi námi áður eða á því ári sem hann nær 35 ára aldri getur hann valið um tekjutengingu.
5. Sé námsmaður í skilum við sjóðinn fellur niður ábyrgð ábyrgðamanns á lánum teknum í tíð eldri laga.
6. Árum saman hafa vextir af námslánnum verið 1% og verðtryggðir. Í nýju lögunum geta þeir hæst orðið 4% á verðtryggðum lánum og 9% á óverðtryggðum.

SÍF skilaði inn tveimur umsögnum við frumvarpið og mættu fulltrúar félagsins á tvo fundi með allsherjar-og menntamálanefnd til að gera nánar grein fyrir þeim. Benti SÍF ítrekað á það tvöfalda misrétti sem íslenskir bóknámsnemar í framhaldsskólum verða fyrir þegar kemur að sjóðnum, þ.e. að aðeins iðn-og verknemar geta sótt um námslán en ekki einnig nemendur sem stunda nám til stúdentsprófs. Einnig að á öllum hinum Norðurlöndunum fá bóknámsnemendur í framhaldsskólum fjárhagsstuðning frá viðkomandi ríki ýmist í formi námslána og eða hreinna styrkja.

Samkvæmt skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar frá árinu 2018 kemur fram að brottfall úr íslenskum framhaldsskólum er umtalsvert hærra en á hinum Norðurlöndunum og einnig hærra en meðaltal í Evrópu eða um 19% á meðan að Noregi, sem kemur næst á eftir, er brottfall um 12%. Í skýrslunni er gefin sú skýring að fjárhagslegur stuðningur við íslenska nemendur er minni en á hinum Norðurlöndunum. Sú staðreynd endurspeglar aftur í úttekt Hagstofunnar *Börn á íslenskum vinnumarkaði*, einnig frá 2018, á hlutfalli þeirra nemenda sem vinna samhliða námi en 55,6% 17 ára ungmenna á Íslandi samhliða skóla og 70,1% þeirra sem voru á aldrinum 18 - 25 ára. Að mati SÍF er þetta skýrt merki um að gera þarf mun betur þegar kemur að fjárhagslegum stuðningi við unga námsmenn hérlendis.

Gert er ráð fyrir heildarendurskoðun nýju laganna um Menntasjóð námsmanna að þremur árum liðnum og mun SÍF halda áfram baráttu sinni fyrir því að nám til stúdentsprófs verði lánshæft og einnig að veittir verði styrkir svo sem til tölva-og bókakaupa og einnig almennir samgöngustyrkir.

Þá mun SÍF kalla eftir að framfylgt verði því sem kemur fram í fjárhagsáætlun ríkisstjórnarinnar þess efnis að endurskoðuð verði lög um námsstyrki en fram til ársins 2011 átti SÍF fulltrúa í svokallaðri námsstyrkjanefnd sem útdeilir aksturs-og dvalarstyrkjum til nemenda sem þurfa að stunda nám fjarri lögheimili og fjölskyldu.

Einnig telur SÍF að eðlilegast væri að breyta úthlutun með þeim hætti að miðað væri við þann kílómetrafjölda sem nemendi þarf að fara til að stunda nám en ekki ein upphæð, óháð vegalengd.

Umhverfisverkföll

Í anda sænsku umhverfisbaráttukonunnar Gretu Turnberg hefur SÍF í samstarfi við LÍS (Landssamtök íslenskra stúdenta) og Unga umhvefissinna (UU) staðið fyrir verkföllum fyrir lofslagið um það bil sleitulaust á hverjum föstudegi frá því í febrúar 2019. Er það krafa þeirra sem að verkfallinu standa að íslensk stjórnvöld lýsi yfir neyðarástandi og láti hið minnsta 2,5% af þjóðarframleiðslunni renna beint til loftslagsaðgerða.

Í september 2019 hlutu verkföllin viðurkenningu Amnesty International á Íslandi en áður hafði það hlotið viðurkenningu Reykjavíkurborgar.

Viðurkenningarnar styrkja stoðum undir þá trú forsvarsmanna félaganna og þeirra ungmenna sem sækja verkföllin að þau eru mikilvæg og að þau eru viðurkennd í samfélaginu. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, fundaði með skipuleggjendum loftslagsverkfallsins í ágúst 2020.

Hakkapon

Vorið 2019 hlutu SÍF og LÍS, Landssamtök íslenskra stúdenta, styrk frá ESU, regnhlífasamtökum LÍS í Evrópu úr sjóðnum Together Moving Forward fyrir svokölluðu hakkaponi. Hakkapon hefur orðið sífellt vinsælli aðferð undanfarin ár til að greina stöðuna og koma með tillögur að lausnum, ýmist í tækniheiminum eða þegar kemur að samfélagsverkefnum.

Hugmyndin með samstarfsverkefni félaganna tveggja var að auglýsa eftir þátttakendum, nemendum í framhaldsskólum og háskólum, til að upphuga leið til að brúa betur bilið milli skólastiganna fyrir nemendur af erlendum uppruna. Málaflokkurinn hefur um árabíl verið eitt helsta áherslumál beggja félaganna. Átti að fá nemendur til að deila reynslu sinni, sérfræðinga til að leggja fram tölur og kenningar og hagsmunasamtök til að miðla þekkingu sinni. Upphaflega átti verkefnið að fara fram í Háskólanum í Reykjavík haustið 2019 en vegna anna var því frestað fram á vor. Vegna Covid-19 varð hinsvegar því miður ekkert af hakkaponinu að sinni og styrkurinn því endurgreiddur.

Söngkeppni framhaldsskólanna

Söngkeppni framhaldsskólanna er fyrir löngu orðin landsmönnum kunnug enda stóð til að halda þrítugustu keppnina í íþróttahöllinni á Akureyri í apríl. Samið var við Brand Events ehf. með Hlyn Þór Jenson í fararbroddi um að framleiða keppnina og til stóð að setja saman vinnuhóp nemenda sem kæmu að ákvarðanatöku varðandi t.d. vægi stigagjafar og dómara. Eins og ótalmörgu var keppninni frestað vegna Covid-19 og ákveðið að reyna að halda hana í september. Eftir að fjöldatakmarkanir voru hertar á ný í ágúst var hinsvegar tekin ákvörðun um að halda hana í stúdíói í Reykjavík og eingöngu sýna hana í beinni útsendingu á RÚV en ekki hafa neina áhorfendur í salnum. Þetta var sannarlega miður en SÍF telur þó mikilvægt að keppnin verði haldin og keppendum, tónlistarfólki framtíðarinnar, gefist kostur á að koma fram í sjónvarpinu.

Stefnuskjöl

Frumraun SÍF í gerð stefnuskjala var árið 2017. Eftir að hafa starfað eftir þeim skjölum í 2 ár var tekin ákvörðun um að endurnýja og betrumbæta þau og hóf framkvæmdastjórn þessa árs þá vinnu.

Stefnuskrá

Frá stofnun félagsins árið 2007 hefur SÍF fylgt ákveðnum gildum er varða hagsmunamál framhaldsskólanema, hins vegar hefur félagið aldrei verið með stefnuskrá sem tryggði sterkan grunn allrar hagsmunavinnu félagsins. Því velti það rosalega mikið á framkvæmdastjórnarmeðlimum hver áherslan væri í ákveðnum málaflokkum hvert starfsár. Til þess að tryggja að félagið fylgdi tímalausum þverpólitískum gildum, þá var ákveðið að rita fyrstu stefnuskrá félagsins sem myndi útlista hvaða gildum félagið stæði fyrir og hver stefna þess væri í málefnum er varða framhaldsskólanema. Hugmyndavinnan hófst á fyrsta vinnufundi framkvæmdastjórnar þar sem beinagrind að stefnuskránni var mynduð. Á vinnufundi félagsins á Akureyri helgina 16. - 17. nóvember 2019 var unnið með beinagrindina og settar upp vinnustofur til að gefa sambandsstjórninni færi á að leggja fram áhersluatriði sem ættu að vera í stefnuskránni. Eftir sambandsstjórnarfundinn tók við úrvinnsla gagna og hóf framkvæmdastjórnin að rita drög að stefnuskrá. Upprunalega var stefnt á að leggja stefnuskrána fyrir sambandsstjórn á sambandsstjórnarfundinum í Reykjavík helgina 7. - 8. mars en ákveðið var að halda áfram að greina gögnin frá vinnufundinum og betrubæta drögin. Framkvæmdastjórnin stefndi á að leggja lokadrög stefnuskrárinnar fyrir sambandsstjórnina á aðalþingi félagsins 12. september en hætt var við að leggja hana fyrir. Framkvæmdastjórn 2019-2020 mun því leggja stefnuskrána fyrir næstu framkvæmdastjórn sem mun halda áfram að vinna að henni og að lokum leggja hana fyrir sambandsstjórnina á næsta sambandsstjórnarfundinum félagsins.

Starfsáætlun og framkvæmdaáætlun

Frá 2017 hefur SÍF unnið eftir starfsáætlun sem samþykkt var á aðalþingi félagsins árið 2017. Starfsáætlunin listaði upp þau málefni sem SÍF ætlaði að vinna að til ársins 2021 og hvernig sú vinna yrði framkvæmd. Framkvæmdastjórn SÍF 2018-2019 ákvað að breyta þessu fyrirkomulagi og aðskilja málefnalistann og framkvæmdarleiðina, með því að rita tvö skjöl - starfsáætlun sem myndi einungis lista málefnin og framkvæmdaáætlun sem myndi greina frá verkefnum og hvernig yrði unnið að málefnum.

Þegar núverandi stjórn tók við, var ákveðið að halda inni þeim málefnum sem voru á dagskrá 2019-2020 og 2020-2021 og bæta við málefnum, t.a.m. framtíðarvæddir framhaldsskólar og umhverfismál. Núverandi starfsáætlun hefur verið framlengd til ársins 2023, upprunalega átti hún að enda árið 2021, vegna þess að ákveðið var í lok núverandi starfsárs að hver framkvæmdaáætlun næði til tveggja ára en ekki til eins árs. Þrátt fyrir þessa framlengingu, hófst vinnan að starfsáætlun 2023-2026 á sambandsstjórnarfundinum SÍF 7. - 8. mars 2020.

Vinnan að framkvæmdaáætluninni hófst á aðalþingi SÍF árið 2019, þar sem sambandsstjórnin skipti sér upp í vinnustofur og kom með tillögur að verkefnum sem ættu heima í framkvæmdaáætluninni. Eftir að hafa greint gögnin frá aðalþinginu, ritaði framkvæmdastjórn SÍF drög að framkvæmdaáætlun fyrir starfsárið 2019-2020 og voru þau samþykkt á sambandsstjórnarfundinum í mars 2020.

Á aðalþinginu 12. september mun framkvæmdastjórnin leggja fram framkvæmdaáætlun félagsins til ársins 2021. Stefnt er að því að framkvæmdaáætlanir séu ávallt lagðar fyrir sambandsstjórn á aðalþingi áður en nýtt starfsár byrjar, t.d. að framkvæmdaáætlun fyrir árið 2024-2026 yrði þá lögð fyrir á aðalþingi félagsins 2024.

Þróunaráætlun

Til að tryggja stöðuga þróun SÍF og stækkun félagsins þegar kemur að hagsmunabaráttu og fjölbreyttum verkefnum er mikilvægt að það fylgi fyrirfram ákveðnum markmiðum. Til að tryggja þetta, var ákveðið að mynda þróunaráætlun sem myndi byggja á framtíðarsýn SÍF. Hún myndi

kortleggja yfirgrípsmikil, hnitmiðuð og mælanleg markmið félagsins til 4 ára. Hrönn Pétursdóttir, sjálfstætt starfandi verkefnastjóri, var ráðin til að leiða hugmyndavinnuna. Ákveðið var að fá utanaðkomandi aðila til að leiða hugmyndavinnuna og síðan myndi framkvæmdastjórnin taka við keflinu og rita þróunaráætlun. Stefnt var að því að halda vinnufund fyrir sambandsstjórnarfundinn í mars, en vegna COVID-19 urðu skyndilegar breytingar á húsnæðismálum sem leiddi til þess að ekki var hægt að halda vinnufundinn. Á komandi starfsári er stefnt að því að halda vinnufund og að þróunaráætlunin verði lögð fyrir á sambandsstjórnarfundum SÍF 2021.

Umsagnir

Óskum um umsagnir frá félaginu hefur fjölgað undanfarin misseri sem er mikið fagnaðarefni enda mikilvægt að raddir nemenda og ungs fólks almennt fái að heyrast í málum er þau varðar. Sökum mikilla anna tókst því miður ekki að verða við öllum umsagnarbeiðnum en þær sem félagið sendi inn snéru að Menntasjóði námsmanna, frumvarpi til laga um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025, þörfin fyrir heimavistarúrræði á höfuðborgarsvæðinu fyrir framhaldsskólanema með lögheimili á landsbyggðinni, um aðgerðir í þágu námsmanna vegna Covid og drög að leiðbeiningum um skólahald á tímum Covid.

Þá fóru fulltrúar frá félaginu, stjórnarmeðlimir og starfsfólk á þrjá fundi hjá allsherjar-og menntamálanefnd, tvo vegna frumvarpi um Menntasjóð námsmanna og einn vegna frumvarpi til laga um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Ritun góðra umsagna er tímafrekt og oft ekki gert ráð fyrir þeim í skipulagi starfsmanna félagsins þar sem beiðnir koma oft óvænt inn á borð félagsins. Framkvæmdastjórnin metur það þó sem svo að þær séu mikilvægur hluti starfsemi félagsins og því sé reynt eftir fremsta megni að forgangsraða hlutunum með þeim hætti að hægt sé að senda inn umsögn þegar við á.

1.2 Rekstur - aukið fjármagn - nýr starfsmaður - styrkir:

- styrkir (ekki mannskapur til að sækja um)
- Margt sem ekki er hægt að sinna

Styrkir

Verkefnastykir eru grundvöllur þess að SÍF getur ráðist í verkefni önnur en árlega fundi enda nægir rekstrarfé aðeins fyrir grunnkostnaði félagsins svo sem launum og leigu á skrifstofuhúsnæði auk árlegra funda, sambandsstjórnarfunda og aðalþings. Meðal verkefna sem félagið hefur ráðist í undanfarin ár með tilstuðlan styrkja úr ýmsum áttum eru lýðræðisherferðin #Égkýs með skuggakosningar í framhaldsskólum, SÍF hlaut nokkra verkefnastyrki á liðnu starfsári líkt og undanfarin ár. Ber þar fyrst að nefna styrk fyrir Hagsmunaskólanum úr Erasmus+ áætluninni undir liðnum *Samtal ungs fólks við ráðamenn*. Styrkurinn var upp á ríflega 6 milljónir

- Erasmus +
- Lýðræðisverkefni
- Hakkaþon

6. Hvað er framundan

- Halda áfram að vinna að stefnunni

- hakaþon

Árið 2019 fékk SÍF styrk í gegnum Seeds for Integration sjóð OBESSU og ESU (European Students Union fyrir samstarfsverkefni við LÍS um að brúa bilið á milli framhaldsskóla og háskóla fyrir nemendur af erlendum uppruna.

Átti að vera haldið í 19. og 20. október - hætt við vegna fjármagnsleysis.

Ákveðið að færa það til 13.-15. mars - hætt við vegna COVID-19.

- Erlendir nemar
- Égkýs?
- Lýðræðishandbókin